



Hvalfjarðarsveit, 9. mars 2020.

Terra umhverfisþjónusta ehf.
Lilja Þorsteinsdóttir
Höfðaseli 15, 300 Akranes
netf: lilja@terra.is

Efni: Endurskoðað starfsleyfi Gámu, sorpflokkunarstöðvar á Akranesi

Meðfylgjandi er tillaga að endurnýjuðu og breyttu starfsleyfi fyrir starfsemi Gámu flokkunarstöðvar úrgangs á Akranesi.

Fyrirtækið Terra umhverfisþjónusta ehf. (áður Gámaþjónustan), sem séð hefur um rekstur Gámu á undanförunum árum, sækir nú um endurnýjað starfsleyfi í samræmi við samkomulag milli fyrirtækisins og Akraneskaupstaðar.

Gáma hefur haft starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Vesturlands frá árinu 2002 sem endurnýjað var síðast í febrúar 2013 og gefið út til 12 ára.

Auk hefðbundinnar flokkunarstöðvar fyrir úrgang og flutnings til endurvinnslu eða eyðingar hefur nú verið sótt um leyfi til uppsöfnunar á brotamálmi innst á lóðinni við Höfðasel 16.

Sótt er um að geyma þarna allt að 1500 tonnum af brotamálmi.

Rök umsækjanda eru þau að með þessu sé verið að minnka kolefnissporið þar sem brotamálur yrði nú fluttur í skip í Akraneshöfn til útflutnings í stað þess að flytja hann á höfuðborgarsvæðið til útskipunar.

Við endurskoðunina nú er horft til ofangr. breytinga, þ.e. uppsöfnun á allt að 1500 tonnum af brotamálmi og breytinga á regluverki sem komið hafa fram frá árinu 2013.

Ljóst má vera að umsækjandi þarf að gera ákveðnar ráðstafanir til að hægt verði að gefa út breytt starfsleyfi.

Við skoðun á staðnum í fylgd forstöðumanns Terru umhverfisþjónustu ehf. á Akranesi í janúar s.l. var t.d. mikil uppsöfnun vatns í lægðum innan svæðisins.

Þannig þyrfti að koma í veg fyrir slíka vatnssöfnun t.d. með efnisflutningum inn á svæðið og/eða dreina betur lóðina.

Að ósk Akraneskaupstaðar verður rekstur sem nær til uppsöfnunar á 1500 tonnum af brotajárni endurskoðaður innan árs frá útgáfu starfsleyfisins.

Meðfylgjandi tillaga að starfsleyfi er miðuð við að aðstæður á lóð verði bættar í samræmi við kröfur HeV sem m.a. má sjá í skilyrðum með tillögu að endurskoðuðu leyfi.

Starfsleyfistillagan er auglýst á heimasíðu HeV, www.hev.is, og verður þar fram til 6. apríl n.k. þannig að einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem málið varðar gefist tækifæri á að gera athugasemdir við hana.

Starfsleyfistillagan verður send sérstaklega til umsækjanda Terru umhverfisþjónustu ehf. og Akraneskaupstað.

H.H.

Samrit:
Akraneskaupstaður



Starfsleyfi

fyrir flokkunarstöð

Nafn fyrirtækis: Gáma

Heimilisfang: Höfðasel 16

Kennitala: 410283-0349

Póstnúmer: 300 Akranes

Nafn forsvarsmanns: Lilja Þorsteinsdóttir f.h. Terru umhverfisþjónustu ehf.

Sími: 660 2895

Netfang: lilja@terra.is

Útgáfudagur leyfis: apríl 2020

Gildir til: apríl 2032

1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurelstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu. Ákvæði í lið 2.4. fylgiskjals skal endurskoða innan árs frá útgáfu starfsleyfis.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á 4 ára fresti.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Endurskoðað og breytt í apríl 2020
f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fylgiskjal

með starfsleyfi gámastöðvar

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Gámu, flokkunar- og móttökustöð, kt. 410283-0349, starfsleyfi skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

2. GILDISSVIÐ STARFSLEYFIS

- 2.1 Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um eigendur eða húsnæði.
- 2.2 Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila.
- 2.3 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku á öllu almennu sorpi og flokkuðu sorpi sem síðan er flutt til eyðingar eða endurvinnslu fyrirtækja sem hafa til þess starfsleyfi.
- 2.4 Starfsleyfið gildir líka fyrir uppsöfnun á allt að 1500 tonnum af brotamálmi á afmörkuðu svæði innst á lóð starfsstöðvarinnar skv. fyrirliggjandi teikningu.
- 2.5 Aðeins fyrirtæki með starfsleyfi útgefið af heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun mega flytja sorp eða spilliefni.
- 2.6 Móttaka spilliefna skal vera í sérstakri læstri geymslu. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát sem henta viðkomandi efnum og þau tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar. Þess skal sérstaklega gætt að umbúðir verði ekki fyrir hnjaski.
- 2.7 Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti að jafnaði. Verði meiriháttar breyting á rekstri sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skal sækja um nýtt starfsleyfi. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra s.s. skaðlegra áhrifa á almenning eða vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tæki er leiða til bættra mengunarvarna.

3. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að sjá um að gætt sé fyllsta hreinlætis á öllu athafnasvæði fyrirtækisins. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur skal beita bestu fánlegu tækni og taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta. Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegri og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.
- 3.2 Athafnasvæði fyrirtækisins skal girt traustri girðingu með hliði. Hliðið skal vera læst utan opnunartíma. Við hliðið skal vera skilti með greinargóðum leiðbeiningum fyrir viðskiptavini.
- 3.3 Flutningstæki, gámar og önnur ílát sem notuð eru til geymslu eða flutnings skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.
- 3.4 Við aðkeyrslur að gámum skal vera bundið slitlag með niðurföllum. Allar vélar, tækjabúnaður og annað sem starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrífum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 3.5 Takmarka skal lykt og hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er.
- 3.6 Taka skal mið af reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.7 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.8 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju. Fyrirtækið skal ávalt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélarþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufu- eða háþrýstipvott.
- 3.9 Loftræsingu gáma skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna mengunar.
- 3.10 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 3.11 Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 3.12 Við móttöku á brotajárni skal þess sérstaklega gætt að ekki leynist í því spilliefni.
- 3.13 Hindra skal eins og mögulegt er aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að gámum og úrgangi. Verði meindýra vart á eða við athafnasvæði fyrirtækisins skal þegar gera ráðstafanir til að útrýma þeim.
- 3.14 Jarðvegur undir efnum og vélum á lóð skal vera þéttur og hindra skal eftir megni vatnssöfnun á lóðinni.

4. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

- 4.1 Um meðferð og flokkun spilliefna fer samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs
- 4.2 Óheimilt er að losa efnaúrgang í fráveitu. Óheimilt er að blanda saman spilliefnum við annan úrgang og ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.
- 4.3 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt.
- 4.4 Ísogsbúnað og / eða –efni skal hafa til taks og nota ef hættuleg efni eða spilliefni leka niður. Ef spilliefni eða önnur hættuleg efni komast í frárennsli skal loka fyrir það þegar í stað og leita síðan bestu leiða til að ná þeim upp aftur. Tilkynna ber lögreglu og eftir atvikum slökkviliði ef hættuleg efni berast í fráveitu.
- 4.5 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal skila reglulega til aðila með leyfi til móttöku á slíkum úrgangi. Fyrirtækinu er sjálfu heimilt að annast flutning á spilliefnum enda sé umbúnaður og flutningatæki fullnægjandi að mati heilbrigðiseftirlits.
- 4.7 Þegar fyrirtækið afhendir spilliefni til endurvinnslustöðvar eða flutningsaðila skal það halda eftir vottorði fyrir móttökunni.
- 4.8 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 4.9 Leiðbeiningar um eiginleika og eitrunarhættu spilliefna skulu vera á áberandi stað í fyrirtækinu. Einnig fyrir mæli um meðferð þeirra og viðbrögð við óhöppum.
- 4.10 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar það að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 4.11 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt.
- 4.12 Spilliefni skulu geymd í lokaðri geymslu. Þeim skal safnað í lokuð, traust ílát sem henta viðkomandi efnum og tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar.

5. EIGIÐ EFTIRLIT

- 5.1 Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem jafnóðum er skráð:
 - a) Magn og gerð spilliefna sem flutt eru til endurvinnslu eða eyðingar.
 - b) Innkaup efna sem geta orðið að spilliefnum. Tiltaka skal magn (kg, l) og þann flokk hættulegs úrgangs sem efnið tilheyrir.
 - c) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. bilanir á búnaði eða slys.
 - d) Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik er geta varðað almannaheill.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 6.1. Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 6.2. Rekstraraðili fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar. Rekstraraðili skal kynna sér þau lög og reglur sem lúta að starfsemi fyrirtækisins.
- 6.3. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 6.4. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

7. STARFSEMI HÆTT

- 7.1. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður.
- 7.2. Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efna- og lyfjaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðva fyrir spilliefni.
- 7.3. Sé starfsemi hætt skal ganga frá öllum mannvirkjum þannig að ekki stafi hætta af.

8. GJALDSKYLDA

- 8.1 Fyrirtækið er háð eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018.
- 8.2 Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit og starfsleyfisvinnslu.

9. GILDISTAKA OG AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM

- 9.1 Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 22. febrúar 2013 og gildi til 12 ára í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- 9.2 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- 9.3 Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
- 9.4 Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.
- 9.5 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og einstökum reglugerðum sem við eiga hverju sinni.

Endurskoðað og breytt í apríl 2020

Ljósmynd af svæðinu jan 2020

